

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 2. maí 2013 í máli nr. E-4904/2010:

Kaupþing banki hf.

(Guðni Áspór Haraldsson hrl.)

gegn

Ingólfi Helgasyni

(Jóhannes Bjarni Björnsson hrl.)

Mál þetta er höfðað með stefnu birtri 29. júní 2010 og dómtekið 16. apríl 2013 að lokinni aðalmeðferð. Stefnandi er Kaupþing hf., Borgartúni 26, Reykjavík. Stefndi er Ingólfur Helgason, rue Jean-Pierre Kemmer 8, Fentange í Lúxemborg.

Með ákvörðun dómara 17. nóvember 2011 var mál sem stefnandi hafði höfðað gegn stefnda með réttarstefnu birtri 4. júlí 2011, til staðfestingar kyrrsetningargerðar, sameinað máli þessu.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru í fyrsta lagi þær að rift verði þeirri ráðstöfun stefnanda frá 25. september 2008 að fella niður persónulega ábyrgð stefnda á greiðslu lánasamninga aðila nr. 2933 frá 13. desember 2005, nr. 3160 frá 5. maí 2006, nr. 4662 frá 1. mars 2007 og nr. 6036 frá 20. ágúst 2007. Í öðru lagi gerir stefnandi, aðallega, þá kröfu að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda 1.171.960.636 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 25. september 2008 til greiðsludags, en til vara að hann verði dæmdur til að greiða 1.112.708.999 krónur með sömu vöxtum frá sama degi. Í þriðja lagi krefst stefnandi þess að staðfest verði kyrrsetningargerð Sýslumannsins í Reykjavík 28. júní 2011 þar sem kyrrsettar voru eftirtaldar eignir stefnda: 20% hlutafé í Hvítstöðum ehf., 33,33% hlutafé stefnda í Langárfossi ehf. auk eignarhluta stefnda í fasteignunum nr. 12 við Fákahvarf, Kópavogi og Smiðshöfða 9, Reykjavík. Stefnandi krefst einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega frávísunar málsins, til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda og til þrautavara stórfelldrar lækkunar þeirra. Þá krefst hann þess að felld verði úr gildi fyrrgreind kyrrsetning Sýslumannsins í Reykjavík 23. júní 2011 í eftirfarandi eignum: 1) hlutafé stefnda í einkahlutafélaginu Hvítstöðum ehf.; 2) 33,33% hlutafé stefnda í einkahlutafélaginu Langárfossi ehf., kt. 000000-0000; 3) eignarhluta stefnda í fasteigninni nr. 12 við Fákahvarf, Kópavogi; 4) eignarhluta stefnda í fasteigninni Smiðshöfða 9, Reykjavík. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Aðalmeðferð málsins hófst 4. apríl 2013 og lá þá fyrir ákvörðun dómara um málið yrði flutt samhliða um frávísunarkröfu stefnda og efniskröfur aðila. Í ljósi

upplýsinga og skýringa sem fram komu við munnlegan flutning málsins ákvað dómari, með vísan til 2. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991, að gefa stefnanda kost á því að leggja fram endurútreikning endurgreiðslukröfu sinnar og var fyrirtaka málsins í þessu skyni ákveðin 16. sama mánaðar. Við þá fyrirtöku lagði stefnandi fram nýjan útreikning á sérstöku dómskjali þar sem hann setti jafnframt fram varakröfu til lækkunar á endurgreiðslukröfu sinni. Var málið dómtekið eftir að stefnda hafði verið gefinn kostur á að færa fram athugasemdir sínar. Er gerð grein fyrir þessari breytingu á kröfugerð stefnanda hér síðar.

Svo sem áður segir var mál þetta þingfest 16. desember 2010 en fyrst tekið fyrir af dómara samkvæmt 1. mgr. 102. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála hinn 12. apríl 2011. Stafar dráttur á meðferð málsins að meginstefnu af því ákveðið var, með vísan til samkomulags aðila, að fresta frekari meðferð málsins þar til dómur Hæstaréttar Íslands í tilteknum samkynja málum lægi fyrir, sbr. einkum dóm Hæstaréttar 10. maí 2012 í máli nr. 518/2011, en einnig vegna úrlausna um matsbeiðni sem stefndi lagði fram 6. júní 2012 og enn á ný 22. nóvember sama árs. Með dómi Hæstaréttar 14. janúar 2013 í máli nr. 736/2012 var endanlega leyst úr síðari matsbeiðni stefnda þannig að unnt væri að ljúka gagnaöflun og ákveða aðalmeðferð.

Undirritaður dómari hefur farið með málið frá og með 6. febrúar 2013.

Málsatvik

Stefndi hóf störf hjá stefnanda árið 1993. Frá september 2005 gegndi hann starfi forstjóra stefnanda sem þá rak fjármálastarfsemi undir heitinu Kaupþing banki hf. Í greinargerð stefnda er lýst þeirri stefnu stefnanda að tengja saman hagsmuni bankans og starfsmanna, einkum stjórnenda, með því að stuðla að kaupum á hlutum í stefnanda allt frá því hlutabréf í stefnanda voru skráð í kauphöll á árinu 2000. Þessi stefna hafi verið útfærð nánar á árunum 2003 og 2004, m.a. með stofnun sérstakrar launaneftndar, og kynnt fyrir Fjármálaeftirlitinu. Þá er í greinargerð gerð grein fyrir kaupréttarkerfi sem komið var á fót í þessu skyni og lýst samþykkt aðalfundar stefnanda 27. mars 2004 þar sem ákveðið var að veita starfsmönnum kauprétt til hlutabréfakaupa og staðfest að heimildir starfsmanna gætu numið allt að 9% af útgefnum hlutum í stefnanda. Einnig hafi verið samþykkt að fela stjórn stefnanda að veita lán til hlutabréfakaupa til samræmis við almennar reglur stefnanda. Forsenda þessarar stefnu hafi verið sú að starfsmenn yrðu skaðlausir af viðskiptum með hluti í stefnanda. Árið 2005 hafi verið ákveðið, að fenginni athugasemd Fjármálaeftirlitsins, að hlutabréfakaup starfsmanna væru fjármögnum með lánnum stefnanda sjálfs.

Í greinargerð er rakið hvernig stefnandi tryggði að starfsmenn yrðu skaðlausir af hlutabréfakaupum í stefnanda með því að starfsmönnum var tryggður söluréttur með ákveðnum skilmálum. Þá segir að í kjölfar innleiðingar alþjóðlegra reikningsskilastaðla árið 2005 hafi verið gerð krafa um að stefnandi myndi draga sölurétt starfsmanna frá eiginfjárgrunni sínum. Af þessu tilefni hafi verið ákveðið að fella niður kaup- og sölurétt og veita starfsmönnum þess í stað lán til hlutabréfakaupa. Hafi ábyrgð starfsmanna í einhverjum tilvikum verið takmörkuð við 10% af stöðu lánsins hverju sinni. Í tengslum við þessa

breytingu hafi stefndi fallið frá sölurétti sínum vegna bréfa í stefnanda og hafi í framhaldinu tekið lán hjá stefnanda fyrir hlutabréfakaupum í samræmi við starfskjarastefnu stefnanda. Hinir keyptu hlutir hafi verið settir stefnanda að veði til tryggingar greiðslum á lánunum sem veitt voru til kaupanna. Sala hinna veðsettu hluta hafi verið óheimil, nema stefnandi veitti sérstakt skriflegt samþykki fyrir henni.

Stefndi gerði fjóra lánasamninga við stefnanda vegna hlutabréfakaupa sem hér segir:

Lánasamningur 13. desember 2005

Hinn 13. desember 2005 ritaði stefndi undir lánasamning nr. 2933 við Kaupþing um lán að fjárhæð 1.136.893.679 krónur með gjalddaga 1. desember 2010. Lánið skyldi bera breytilega vexti, REIBOR, eins og þeir væru ákveðnir hverju sinni, að viðbættu 1,2% álagi og skyldu þeir greiðast á þriggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. mars 2006. Samkvæmt grein 2.3 í samningnum var lánið veitt til hlutabréfakaupa og var stefnanda veitt heimild til að ráðstafa láninu til greiðslu og uppgjörs hlutafjárkaupa í samræmi við viðauka sem fylgdi samningnum og taldist hluti hans. Samkvæmt 4. gr. var lántaka heimilt að óska eftir myntbreytingu á láninu samkvæmt ákveðnum reglum en í grein 2.9 var tiltekið að lánið skyldi endurgreiða í þeim þeim gjaldmiðlum sem það samstæði af. Samkvæmt 5. gr. samningsins setti stefndi að handveði, til tryggingar skilvísri greiðslu lánsins, hluti í stefnanda að nafnverði 2.800.075 krónur, sbr. handveðsyfirlýsingu 13. desember 2005. Samkvæmt grein 6.1 skyldi ábyrgð stefnda takmarkast við andvirði handveðsins og hvers kyns viðbótartryggingar sem hann kynni að leggja fram samkvæmt 5. gr. samningsins, en auk þess skyldi hann því til viðbótar bera ábyrgð á greiðslu 10% skuldarinnar eins og hún væri á hverjum tíma með öðrum eignum sínum.

Samkvæmt framangreindum viðauka við samninginn er heildareign stefnda í stefnanda sögð nema 1.909.651.150 krónum. Undir heitinu „lánveiting/uppruni láns“ eru taldir upp 10 liðir. Fyrsti liðurinn er auðkenndur „Kaup á árinu 2000, KAUP fór á markað“ og færður til fjárhæðarinnar 8.527.232 krónur. Annar liðurinn er auðkenndur „Kaup 21. des 2001“ og færður til fjárhæðarinnar 61.739.888 krónur“. Þriðji liðurinn er auðkenndur „Kaup 19. nov 2003“ og færður til fjárhæðarinnar 183.090.238 krónur. Fjórði liðurinn er auðkenndur „SPRON, kaup jul hlutafjárukn“ og færður til fjárhæðarinnar 129.213.747 krónur. Fimmti liðurinn er auðkenndur „Sparisj Kef, kaup í nov 2004“ og færður til fjárhæðarinnar 125.343.944 krónur. Sjötti liðurinn er auðkenndur „Greiddir vextir SPRON“ og færður til fjárhæðarinnar 9.309.809 krónur. Sjöundi liðurinn er auðkenndur „Kaupréttur okt 2005“ og færður til fjárhæðarinnar 12.565.126 krónur. Áttundi liðurinn er auðkenndur „Framvirkur samn. Kaup“ og færður til fjárhæðarinnar 239.961.434 krónur. Níundi og tíundi liður eru auðkenndir „Viðbótarlán“ og færðir til fjárhæðanna 266.798.350 krónur og 100.344.911 krónur. Við alla liði eru vextir tilgreindir 11,288%. Þá er tilgreindur fjöldi vaxtadaga og áfallnir vextir.

Hinn 13. desember 2006 nýtti stefndi heimild sína til myntbreytingar lánsins og var láninu þá breytt í íslenskar krónur, svissneska franka, japönsk jen og evrur. Láninu var aftur breytt í íslenskar krónur 13. desember 2007 og aftur að hluta í

erlenda gjaldmiðla 13. mars 2008. Hinn 17. apríl 2008 var láninu myntbreytt í svissneska franka og voru vextir upp frá því LIBOR-vextir að viðbættu 1,20% álagi. Samkvæmt stefnu nam heildarfjárhæð lánsins 25. september 2008 1.749.346.158 krónum. Af þeirri fjárhæð taldist sá hluti lánsins sem nýttur var til hlutabréfakaupa 1.595.475.467 krónur samkvæmt útreikningi stefnanda.

Samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð stefnda voru allar skuldbindingar stefnda vegna hlutabréfakaupa í stefnanda endurfjármagnaðar með umræddum lánasamningi. Samhliða gerð þessa samnings féll stefndi frá sölurétti og stefnandi frá kauprétti skv. samningum frá nóvember 2003.

-

Lánasamningur 5. maí 2006

Hinn 5. maí 2006 ritaði stefndi undir lánasamning nr. 3160 við stefnanda að jafnvirði 377.446.412 krónur með gjalddaga 5. maí 2011, en lánið var að 23% í Bandaríkjadöllum, að 22% í svissneskum frönskum, að 12% í japönskum jennum og að 43% í evrum. Samkvæmt grein 2.3 í samningnum var lánið veitt til hlutabréfakaupa og var stefnanda veitt heimild til að ráðstafa láninu til greiðslu og uppgjör á hlutafjárkaupum í samræmi við viðauka sem fylgdi samningnum og taldist hluti hans. Í stefnu segir að sama dag hafi stefnandi keypt 500.000 hluti í stefnanda og sett þá að handveði til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Í 5. gr. samningsins sagði að stefndi hefði sett 3.300.075 hluti í stefnanda að handveði, til tryggingar skilvísri greiðslu lánsins, sbr. handveðsyfirlýsingu 13. desember 2005 og viðauka 5. maí 2006. Samkvæmt 4. gr. samningsins gat stefndi myntbreytt láninu. Vextir skyldu vera LIBOR-vextir á þeim hluta lánsins sem ekki var í evrum. Sá hluti var hins vegar með breytilegum EURIBOR-vöxtum. Vaxtaálag í báðum tilvikum var 1,20%. Hinn 5. nóvember 2007 var láninu myntbreytt í íslenskar krónur. Hinn 25. september 2008 nam fjárhæð lánsins 410.046.605 krónum samkvæmt því sem fram kemur í stefnu.

Lánasamningur 1. mars 2007

Hinn 1. mars 2007 ritað stefndi undir lánasamning nr. 4662 við stefnanda og tók að láni í svissneskum frönskum og japönsku jennum að jafnvirði 12.096.834 krónur. Segir í stefnu að sama dag hafi stefndi keypt 20.000 hluti í bankanum og sett þá bankanum að handveði til tryggingar greiðslu lánsins. Lánið skyldi greitt þann 15. maí 2009. Það skyldi greitt í þeim gjaldmiðlum sem það samanstóð af. Þá var heimilt að myntbreyta láninu. Vextir skyldu vera LIBOR-vextir að viðbættu 1,75% vaxtaálagi. Hinn 25. september 2008 stóð lánið í 15.357.968 krónum samkvæmt því sem fram kemur í stefnu.

Lánasamningur 1. mars 2007

Hinn 20. ágúst 2007 ritaði stefndi undir lánasamning nr. 6036 við stefnanda að fjárhæð 542.330.917 krónur. Samkvæmt því sem fram kemur í stefnu var hluti lánsins notaður til hlutabréfakaupa en sama dag keypti stefndi 400.000 hluti í Kaupþingi. Sá hluti sem ekki var notaður til hlutabréfakaupa nam 100 milljónum króna samkvæmt því sem fram kemur í stefnu. Lánið var með gjalddaga þann 20. ágúst 2010 eða fyrr léti stefndi fyrr af starfi sínu við bankann. Lánið bar að greiða í þeim gjaldmiðli sem það samanstóð af. Þá var heimild til myntbreytingar á láninu. Vextir þess skyldu vera REIBOR-vextir að viðbættu 1,75% vaxtaálagi. Hinn 23. apríl 2008 var láninu myntbreytt í evrur og eftir það bar lánið breytilega EURIBOR-vexti með sama vaxtaálagi. Hinn 25. september 2008 stóð lánið í 719.716.518. krónum samkvæmt stefnu. Sá hluti þess sem notaður var til hlutabréfakaupa svaraði þá til 587.008.517 króna samkvæmt því sem fram kemur í stefnu.

Ráðstöfun stefnda 25. og 26. september 2008

Á fundi stjórnar stefnanda 25. og 26. september 2008 var lögð fram greinargerð frá starfskjaranefnd hans sem tekin hafði verið saman fyrr í þeim mánuði. Í henni var meðal annars tekið fram að í samræmi við launastefnu stefnanda hefði hann gert starfsmönnum sínum kleift að kaupa hluti í stefnanda og hefði hann fjármagnað þau kaup. Síðan sagði: „Nefndinni er áhyggjuefni að sumir háttsettir stjórnunarstarfsmenn eiga í alvarlegum fjárhagserfiðleikum vegna nýlegs falls verðs hlutabréfa. Nefndin er þeirrar skoðunar að taka ætti skref til úrbóta í máli þessu. Megináhersla bankans ætti að vera á að lykilstarfsmönnum hans sé unnt að einbeita sér að sóknarfærum bankans á erfiðum tímum.“ Á grundvelli tillagna nefndarinnar ákvað stjórnin að veita Hreiðari Má Sigurðssyni, framkvæmdastjóra Kaupþingssamstæðunnar, heimild til að fella niður og ljúka persónulegri ábyrgð starfsmanna í tengslum við hlutafjárkaupalán þeirra með það að markmiði að stuðla að því að starfsmönnum væri kleift að einbeita sér að störfum sínum í bankanum. Samkvæmt því gaf stefnandi út yfirlýsingu 25. september 2008 til stefnda þar sem honum var tilkynnt að stefnandi hefði ákveðið „að fullnusta ekki persónulega ábyrgð“ hans vegna lána til kaupa á hlutabréfum í stefnanda. Takmarkist ábyrgð hans við hlutabréf í stefnanda sem sett hafi verið sem veð.

Af hálfu stefnda er rakið að á þessum tíma hafi verðmæti veðsettra hlutabréfa stefnda verið langt yfir skuldinni, en veðsettir hlutir hafi verið 3.720.075, og dagslokagengi 25. september 2008 755 krónur á hlut. Verðmæti hlutabréfanna hafi þannig verið 2.808.656.625 krónur eða langt yfir skuldinni sem til var stofnað vegna fjármögnunar á hlutunum. Persónulegir hagsmunir stefnda hafi falist í því að fram færi uppgjör og hann yrði leystur undan áhættu vegna hlutabréfakaupanna í samræmi við ákvæði lánasamninganna og handveðsins.

Tveimur vikum síðar, 8. október 2008, fór stjórn stefnanda þess á leit við Fjármálaeftirlitið að það tæki yfir vald hluthafafundar hans í samræmi við 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008. Daginn eftir, 9. október, tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar stefnanda og skipaði jafnframt skilanevnd sem tók við heimildum stjórnarinnar. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. október 2008 var öllum eignum stefnanda, þar á meðal

kröfuréttindum, ráðstafað til Nýja Kaupþings banka hf., nú Arion banka hf., að undanskildum nánar tilgreindum eignum. Samkvæmt því voru kröfur stefnanda á hendur stefnda vegna fyrrgreindra lánasamninga framseldar til umrædds banka. Í stefnu segir að mat á þessum kröfum í stofnefnahagsreikningi Arion banka hf. hafi verið ekkert þar sem engin persónuleg ábyrgð væri lengur til staðar og tryggingar væru verðlausar.

Hinn 25. maí 2009 var stefnanda skipuð slitastjórn sem ákvað að rifta þeirri ráðstöfun frá 25. september 2008 að fella niður persónulega ábyrgð stefnda á greiðslu lánasamninganna tveggja. Var honum tilkynnt þessi ákvörðun slitastjórnarinnar með bréfi 17. maí 2010 og hann jafnframt krafinn um greiðslu tiltekinnar fjárhæðar vegna riftunarinnar.

Kyrrsetningargerð Sýslumannsins í Reykjavík 28. júní 2011

Með beiðni áritaðri um móttöku 1. júní 2011 krafðist stefnandi kyrrsetningar í eignum stefnda í framhaldi af höfðun máls þess. Hinn 28. júní 2011 kyrrsetti Sýslumaðurinn í Reykjavík að kröfu stefnanda eftirtaldar eignir sem stefnandi telur tilheyra stefnda: Tuttugu prósent hlutafjár í Hvítstöðum ehf., 33.33% hlut stefnda í Langárfossi ehf., og eignarhluti í fasteignunum nr. 12 við Fákahvarf, Kópavogi og Smiðshöfða 9, Reykjavík. Stefndi var ekki boðaður til gerðarinnar. Fyrir liggur að á þessum tíma dvaldi stefndi í Lúxemborg en aðilar deila um hvort aðsetur hans þar hafi verið þekkt eða ekki.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu Vignir Rafn Gíslason, lögg. endurskoðandi, og Gísli Sigurbjörn Óttarsson, starfsmaður áhættustýringar Arion banka hf. skýrslu. Ekki er ástæða til að rekja þessar skýrslur sérstaklega.

Málsástæður stefnanda

Stefnandi mótmælir kröfu stefnda um frávísun málsins. Hann bendir á að í stefnu sé gerður áskilnaður um breytingu á kröfugerð verði á því byggt að umrædd lán hafi verið bundin við gengi erlendra gjaldmiðla með ólögætum hætti.

Stefnandi reisir aðild sína til sóknar á 4. mgr. 103. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sbr. 7. gr. laga nr. 44/2009. Hann vísar til þess að þótt framangreindir lánasamningar hafi verið framseldir Nýja Kaupþingi banka hf., nú Arion banka hf., með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins standi slíkt ekki í vegi fyrir því að stefnandi krefjist riftunar umræddra ráðstafana, enda sé verið að endurheimta verðmæti sem stefnandi hafi gefið eftir fyrir framsal kröfuréttindanna. Stefnandi hafi, ásamt kröfuhöfum sínum, orðið fyrir verðmætamissi sem hann vilji endurheimta. Þannig er á því byggt að verðmæti umræddra lánasamninga hafi verið rýrt með því að fella niður persónulega ábyrgð stefnda og að flutningur lánanna til annars aðila breyti ekki þessari niðurfellingu. Því sé krafan um auðgun stefnda eign stefnanda.

Stefnandi byggir riftunarkröfu sína á því að eftirgjöf hinnar persónulegu ábyrgðar stefnda sé gjöf sem sé riftanleg á grundvelli 131. gr. laga nr. 21/1991 um

gjaldþrotaskipti o.fl. Ráðstöfunin hafi rýrt eignir stefnanda með því að hún hafi falið í sér eftirgjöf kröfuréttinda. Ráðstöfunin hafi leitt til auðgunar stefnda þar sem hann hafi losnað undan persónulegri greiðsluskyldu og njóti fjármuna sem að öðrum kosti hefðu runnið til stefnanda. Stefnandi telur einnig að ljóst sé að um gjafatilgang hafi verið að ræða. Ráðstöfuninni hafi verið ætlað að ívilna stefnda og öðrum starfsmönnum og létta af þeim fjárhagslegar byrðar á kostnað stefnanda þannig að þeir gætu einbeitt sér að störfum sínum í þágu bankans á erfiðleikatímum. Ákvörðunin hafi verið tekin þegar fyrirsvarsmönnum var, eða mátti vera, ljóst að tekið var að fjara undan fjárhag bankans eða a.m.k. að hætt væri við að svo yrði í ljósi þess ástands sem þá ríkti í bankakerfinu. Með vísan til framangreinds telur stefnandi að um sé að ræða gjöf í skilningi 131. gr. laga um gjaldþrotaskipti, enda byggist umrædd ákvörðun bankans hvorki á viðskiptalegum forsendum né samningsbundinni skyldu hans.

Verði ekki fallist á að ráðstöfunin sé riftanleg á grundvelli 131. gr. laga um gjaldþrotaskipti byggir stefnandi til vara á því að hún sé riftanlega á grundvelli almennu riftunarreglunnar í 141. gr. sömu laga, en stefnandi telur öll skilyrði þeirrar greinar uppfyllt. Ráðstöfunin hafi verið ótilhlýðileg þar sem hún hafi ekki verið framkvæmd með hagsmuni stefnanda eða önnur málefnaleg sjónarmið að leiðarljósi. Ráðstöfunin hafi verið óvenjuleg og framkvæmd á miklu erfiðleikatímabili í starfsemi bankans og hafi fyrirsvarsmönnum stefnanda mátt vera það ljóst. Stefnandi hafi einnig verið ógjaldfær á þeim tíma sem hér um ræði, þ.e. staða hans hafi verið slík að hann hafi í raun ekki verið fær um að greiða skuldir sem féllu á gjalddaga í fyrirsjáanlegri framtíð. Stefnandi byggir jafnframt á því að stefndi, sem var forstjóri stefnanda, hafi vitað, eða í öllu falli mátt vita, um ógjaldfærni stefnanda þegar ráðstöfunin var gerð og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin var ótilhlýðileg.

Stefnandi vísar til þess að samkvæmt 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 eigi hann rétt á að krefja stefnda um endurgreiðslu þeirrar auðgunar sem af ráðstöfuninni leiddi. Stefnandi byggir á því að auðgun stefnda svari til hinnar persónulegu ábyrgðar sem var felld niður. Ef ekki hefði komið til niðurfellingar persónulegrar ábyrgðar stefnda á láni gagnvart stefnanda, hefði stefnandi getað kafið stefnda persónulega um greiðslu eftirstöðva lánsins. Með umræddri ákvörðun bankans hafi sá möguleiki stefnanda falið niður og það leitt til samsvarandi auðgunar stefnda. Tjón stefnanda svari jafnframt til þeirrar auðgunar stefnda.

Stefnandi sundurliðar kröfu sína þannig:

Lán nr. 2933.

Sá hluti lánsins sem notaður var til hlutabréfakaupa nam hinn 25 september 2008 1.595.475.467 krónum. Vegna 10% takmörkunar á ábyrgð nemur endurgreiðslukrafa stefnanda því 159.547.546 krónum.

Lán nr. 3160.

Samkvæmt stefnu nam uppgreiðsluverðmæti lánsins 25. september 2008 410.046.605 krónum.

Lán nr. 4662.

Samkvæmt stefnu nam uppgreiðsluverðmæti lánsins 25. september 2008
15.357.968 krónum.

Lán nr. 6036.

Sá hluti lánsins sem notaður var til hlutabréfakaupa nam 25. september 2008
587.008.517 krónum samkvæmt því sem fram kemur í stefnu.

Samtals telur stefnandi kröfu sína um endurgreiðslu þannig nema 1.171.960.636
krónum. Stefnandi vísar til þess að ef miðað er við að um hafi verið að ræða
ólögmæt gengistryggð lán samkvæmt fordæmum Hæstaréttar nemi staða lánanna
25. september 2008 hærri fjárhæð. Lysir stefnandi því yfir að hann geri ekki kröfu
um þessa hærri fjárhæð. Dráttarvaxtakrafa er studd við 1. mgr. 6. gr. laga nr.
38/2001 og vísað til dómvenju þess efnis að riftunarkröfur beri dráttarvexti frá
þeim degi sem hinn riftanlega ráðstöfun fór fram.

Stefnandi vísar til þess að verði riftun ekki viðurkennd á grundvelli 131. gr. laga nr.
21/1991, en þess í stað á grundvelli 141. gr. laganna, þá eigi stefnandi
skaðabótakröfu á hendur stefnda eftir almennum reglum, sbr. 3. mgr. 142. gr.
laganna. Stefnandi byggir á því að tjón stefnanda, í skilningi skaðabótareglna, sé
hið sama og samkvæmt auðgunarkröfu hans sem rakin er hér að framan.

Að því er lýtur að síðustu efniskröfu stefnanda vísar stefnandi til þess að miklar
líkur séu á því að fallist verði á riftunarkröfu hans og ólíklegt sé að málinu verði
vísað frá dómi. Skilyrði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1990 sé því uppfyllt en búast megi
við að langur tími geti liðið þar til endanlegur dómur gengur. Stefndi hafi haft
frammi ráðstafanir sem telja megi líklegar til að minnka og takmarka líkur á því að
það takist að fullnusta kröfu stefnanda og einnig hafi efnahagsstaða stefnda
versnað. Þá sé krafa málsins mjög há og standi líkur til þess að mestallar eigur
stefnda muni ganga til greiðslu kröfunnar. Þá liggja fyrir að stefndi hafi flutt
lögheimili sitt til Lúxemborgar og þannig gert það örðugra fyrir stefnanda að
tryggja kröfu sína. Telur stefnandi að þegar af þeirri ástæðu séu líkur á að stefndi
flytji frekari eignir úr landi og það hafi í för með sér minnilíkur á að stefnanda
takist að fullnusta kröfu sína gagnvart stefnda. Stefnandi bendir einnig á möguleika
stefnda til að koma fjármunum úr landi með öðrum hætti. Stefndi sé eigandi þeirra
eigna sem kyrrsettar voru. Samkvæmt öllu framansögðu verði að ætla að það muni
draga mjög úr líkum á að stefnandi fái fullnustu kröfu sinnar ef ekki verður af
staðfestingu á kyrrsetningu. Af því leiði að öllum skilyrðum laga nr. 31/1990 um
kyrrsetningu og lögbann teljist fullnægt.

Málsástæður og lagarök stefnda

Í endanlegum málatilbúnaði sínum reisir stefndi aðalkröfu sína um frávísun á því
að málið sé verulega vanreifað af hálfu stefnanda og uppfylli stefnan í málinu ekki
áskilnað e-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991. Stefndi vísar til þess að engin leið
sé að átta sig á því hvaða þýðingu stefnandi leggur í framangreinda yfirlýsingu 25.
september 2008 eða hver sé sú persónulega ábyrgð sem hafi verið felld niður með
henni. Að hluta til virðist sem stefnandi byggji á því að hin persónulega ábyrgð sem

vísað sé til sé ábyrgð stefnda á skuld skv. lánasamningum þeim sem um ræðir en af því myndi leiða að stefndi bæri ekki lengur persónulega ábyrgð á lánasamningunum. Þessi málsástæða stangist hins vegar á við þá staðreynd að Arion banki hf. hefur gert kröfur á hendur stefnda vegna beggja fyrrgreindra lánasamninga, á grundvelli persónulegrar ábyrgðar stefnda. Þannig sé ótvírætt að stefnandi og Arion banki hf. séu ekki sammála um þá niðurstöðu að „persónuleg ábyrgð“ stefnda sé niður fallin og að lánið hafi eingöngu verið tryggt með veði í hlutabréfum í Kaupþingi. Stefndi vísar þessu til stuðnings til tilkynninga um gjaldfellingu láns nr. 6036 og 2933 frá Arion banka hf. þar sem fram komi að bankinn hafi eignast lánasamningana með tilheyrandi kröfuréttindum og veðréttindum.

Stefndi telur óljóst hvort skilja eigi málatilbúnað stefnanda þannig að skuld samkvæmt lánasamningi hafi verið felld niður. Vísað sé í einhverja óáþreifanlega skuldbindingu sem ekki sé frekar útskýrð í stefnu. Í útreikningi á endurgreiðslukröfu megi þó sjá að stefnandi byggir á því að til sé sérstök og afmörkuð skuldbinding sem sé kölluð „uppgreiðsluverðmæti þess hluta lánsins sem notaður var til hlutabréfakaupa“ og því til stuðnings vísi hann til skýrslu endurskoðanda. Í skýrslunni komi fram að þegar lán nr. 2933 hafi verið veitt 13. desember 2005 hafi 1.036.893.679 krónum verið varið til hlutafjárkaupa en 100.000.000 króna verið varið til annars. Þetta stangist hins vegar á við það sem kemur fram í þeim viðauka við lánasamning nr. 2933 sem áður greinir. Af framlögðum gögnum sé algerlega ómögulegt að átta sig á því hver sú krafa sé sem stefnandi telur sig hafa átt og hvernig hún sé fundin.

Stefndi telur einnig að fullyrðing stefnanda um ætlað tjón sitt sé óútskýrð og villandi. Stefndi leggur áherslu á að fullyrðingar stefnanda, svo og gögn málsins, bendi til þess að þeir lánasamningar sem um ræði í málinu hafi verið metnir á núll krónur við framsal til Arion banka hf. Stefndi bendir hins vegar á að allir samningarnir hafi verið metnir með þessum hætti jafnvel þótt persónuleg ábyrgð hefði ekki verið felld niður að fullu í öllum tilvikum. Einnig hefur stefndi bent á að í fjölda annarra tilvika, þ. á m. í tilviki stefnda, hafi lán verið flutt yfir til Arion banka hf. án þess að greiðsla hafi komið fyrir. Sú forsenda endurgreiðslukröfu stefnanda að fullt verð hefði komið fyrir þessi lán, ef ekki hefði komið til yfirlýsing stefnanda 25. september 2008, standist ekki. Grundvöllur endurgreiðslukröfu stefnanda sé því vanreifaður.

Stefndi bendir einnig á að lán nr. 2933, 3160 og 6036 hafi falið í sér ólögmeata gengistryggingu, sbr. ítrekuð fordæmi Hæstaréttar, án þess að útreikningur endurgreiðslukröfu taki nokkurt tillit þess. Þetta varði frávisun málsins án kröfu. Stefndi mótmælir nýjum útreikningi stefnanda á endurgreiðslukröfu, sem lagður var fram undir meðferð málsins, þar sem miðað er við vexti Seðlabanka Íslands. Telur stefndi að með þessum útreikningi hafi stefnandi gerbreytt grundvelli málsins og beri að vísa málinu frá dómi af þeirri ástæðu.

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi á því að sú krafa sem stefnandi hafi uppi hafi verið framseld Arion banka hf. 21. október 2008 með öllum tilheyrandi kröfuréttindum og tryggingarréttindum. Stefndi áréttar í þessu sambandi að Arion banki hf. hafi höfðað mál gegn stefnda á grundvelli persónulegrar ábyrgðar hans vegna þeirra lánasamninga sem mál þetta varði. Af þessum ástæðum beri að sýkna stefnda vegna aðildarskorts.

Stefndi reisir málatilbúnað sinn einnig á því að skilyrði bresti til riftunar. Að því er lýtur að 131. gr. laga nr. 21/1991 vísar hann til þess að miða beri við að skilyrði ákvæðisins hafi verið uppfyllt 25. september 2008. Stefndi telur hins vegar að engin rýrnun hafi orðið á eignum stefnanda á þessum degi enda hafi hann þá ekki gefið eftir neina kröfu. Ljóst sé að engin persónuleg ábyrgð hafi verið fyrir hendi á þessum degi þar sem verðmæti veðsettra hlutabréfa var langt yfir lánsfjárhæð. Ekki hafi því verið um gjöf að ræða eða ótilhlýðilega ráðstöfun.

Stefndi bendir einnig á að af hálfu stefnanda hafi verið komið í veg fyrir möguleika stefnda til að verja fjárhagslega stöðu sína með sölu á hlutabréfum sínum í stefnanda eftir að tryggingarþekja fór undir 120%. Ákvörðun stjórnar stefnanda hafi ekki verið annað en staðfesting á þeim loforðum sem veitt höfðu verið starfsmönnum í lok árs 2007 og allt fram að falli stefnanda í október 2008 um skaðleysi af hlutabréfakaupum í stefnanda. Ákvörðunin hafi verið tekin án samráðs við stefnda og sé ekki hægt að halda því fram nú að hún hafi verið á ábyrgð hans.

Stefndi byggir á því með vísan til framangreindra sjónarmiða að ekki hafi verið sýnt fram á auðgun hans vegna umræddrar ráðstöfunar. Þá telur stefndi að tilgangur stefnanda með yfirlýsingunni 25. september 2008 hafi verið sá að koma í veg fyrir eða fresta því að þurfa að ganga að þeim veðum sem að baki kröfunni stóðu og gera upp við starfsmenn. Þetta hafi verið gert með hagsmuni stefnanda að leiðarljósi enda hafi starfsmenn haft hag af uppgjöri umsvifalaust. Það séu því hrein öfugmæli að líkja ráðstöfun stjórnar stefnanda við gjafagerning til starfsmanna. Stefndi telur einnig að meta verði aðstæður heildstætt. Stefndi hafi verið nauðsynlegt að halda frið við starfsmenn og losna undan kröfum um uppgjör. Þetta beri að líta á sem gagngjald fyrir niðurfellingu persónulegrar ábyrgðar starfsmanna.

Stefndi mótmælir því að skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 sé fullnægt. Að því er varðar ætlaðan ótilhlýðileika ráðstöfunarinnar vísar stefndi til þeirra sjónarmiða sem áður hefur verið rætt um í tengslum við 131. gr. laganna, en jafnframt leggur stefndi áherslu á að útilokað sé að hann teljist hafa verið grandvís um ótilhlýðileika við þær aðstæður teljist ótilhlýðileiki sannaður. Stefndi telur að stefnandi hafi ekki verið ógjaldfær eða a.m.k. að ekki hafi verið sýnt fram á ógjaldfærni hans 25. september 2008. Þá álitur stefndi að hann geti ekki talist hafa verið grandvís um ógjaldfærni. Áréttar stefndi í þessu sambandi að hlutabréf stefnanda voru skráð í Kauphöll Íslands og gengu þar kaupum og sölum á margföldu nafnverði, einnig að Seðlabanki Íslands lánaði stefnanda 500 milljónir evra 6. október 2008.

Stefndi mótmælir endurgreiðslukröfu stefnanda. Vísar hann til framangreindra sjónarmiða á þá leið að hvorki hafi verið sýnt fram á auðgun hans með ráðstöfuninni 25. september 2008 né tjón stefnanda við framsal krafna til Arion banka hf. 21. október 2008. Stefndi geti því ekki átt kröfur á hendur stefnda, hvorki eftir 1. mgr. 142. gr. né 3. mgr. 142. laga nr. 21/1991.

Verði fallist á endurgreiðslukröfu stefnanda að einhverju leyti krefst stefndi þess að krafan verði lækkuð af sanngirnisástæðum, sbr. 145. gr. laga nr. 21/1991. Stefndi bendir þessu til stuðnings á framangreind sjónarmið þess efnis að krafa stefnanda tengist launakjörum stefnda samkvæmt samþykktri starfskjarastefnu stefnanda og að stefnda hafi í raun verið lofað skaðleysi af hlutabréfakaupum í stefnanda. Riftanleiki persónulegrar ábyrgðar teljist einnig brostin forsenda þar sem stefndi

hefði selt hlutabréf sín á þessum tíma ef þetta atriði hefði legið fyrir og gert upp skuldir sínar að fullu. Stefndi vísar einnig til þess að hagsmunir málsins séu litlir með hliðsjón af slitabúi stefnanda og hagsmunum kröfuhafa.

Stefndi byggir kröfu sína um ógildingu kyrrsetningargerðar sýslumanns 28. júní 2011 á því að gerðin hafi verið haldin slíkum annmörkum að ekki verði komist hjá því að ógilda hana. Hann vísar til 1. mgr. 21. gr. laga nr. 89/1990 um aðför um þá meginreglu að gerðarþola skuli tilkynnt með hæfilegum fyrirvara að beiðni sé komin fram um aðför og að undantekningar samkvæmt 3. mgr. 21. gr. laganna beri að skýra þröngt, þ. á m. þá undantekningarreglu sem fram komi í 6. tölulíð málsgreinarinnar. Stefndi telur, í fyrsta lagi, að umrætt ákvæði verði ekki skýrt á þá leið að það veiti gerðarbeiðanda sjálfstæðan rétt til að hefja gerð án tilkynningar þegar gerðarþoli á ekki skráð heimili á Íslandi, heldur verði að gera kröfu um að gerðarþoli eigi hvergi skráð heimili þannig að ekki sé vitað hvar hann hefst við. Ekkert af framangreindum atriðum hafi átt við um stefnda sem hafi átt skráð lögheimili í Lúxemborg sem stefnanda hafi verið vandalaust að kynna sér.

Í öðru lagi verði að gera strangar kröfur um að leitað hafi verið allra raunhæfra leiða til að komast að upplýsingum um verustað gerðarþola, sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 89/1990. Þessum kröfum hafi ekki verið fullnægt í málinu.

Í þriðja lagi veiti lokamálsl. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 89/1990 ekki sjálfstæða heimild til að ljúka gerð á skrifstofu sýslumanns, þegar gerðarþoli mætir ekki til gerðar, án þess að skilyrði 2. og 3. mgr. 24. gr. séu uppfyllt. Engin tilraun hafi hins vegar verið gerð til að sýna fram á að umræddum skilyrðum hafi verið fullnægt.

Stefndi byggir umrædda kröfu sína einnig á því að kyrrsetningin uppfylli ekki skilyrði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1990 þar sem stefndi hafi ekki verið eigandi að hlutafé í félaginu Langárfossi ehf. Sá eigandi sé Hvítsstaðir ehf., sbr. ársreikning félagsins fyrir árið 2009.

Af öllu framangreindu sé ljóst að veigamikill annamarki hafi verið á framkvæmd og efni kyrrsetningargerðarinnar. Stefndi telur í ljósi þess hve veigamikill annamarkinn er að ekki verði hjá því komist að ógilda kyrrsetningargerðina.

Niðurstaða

Í stefnu er gerð ítarleg grein fyrir þeim fjórum lánasamningum sem stefndi gerði við stefnanda, sem þá bar heitið Kaupping banki hf., til hlutabréfakaupa. Jafnframt er þar nánar tilgreint hver stórum hluta sérhvers láns var ráðstafað til hlutafjárkaupa í stefnanda og gerð grein fyrir takmörkun á persónulegri ábyrgð stefnda. Þá er í stefnu gerður áskilnaður um að leggja fram varakröfu á þeirri forsendu að lán stefnda hafi verið gengistryggt lán í íslenskum krónum, sem brotið hafi gegn VI. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, þannig að miða beri sammingsvexti við lægstu vexti á nýjum almennum óverðtryggðum útlánnum hjá lánastofnunum samkvæmt ákvörðun Seðlabanka Íslands. Að lokum er í stefnu gerð grein fyrir yfirlýsingu stjórnar stefnanda og niðurfellingu persónulegrar ábyrgðar stefnda 25. september 2008 sem er andlag riftunarkröfu stefnanda.

Að því er lýtur að lánunum 5. maí 2006, 1. mars 2007 og 20. ágúst sama árs er það mat dómsins, að teknu tilliti til þeirra gagna sem stefnandi hefur útbúið og lagt fram til stuðnings tölulegum útreikningi krafna sinna, að atvikum málsins og málsástæðum stefnanda sé lýst þannig að samhengi þeirra og kröfugerðar sé ljóst og að stefnda hafi verið unnt að grípa til varna. Þar á meðal er nægilega gerð grein fyrir því að lánin kunni að hafa falið í sér ólögmeta gengistryggingu sem taka beri tillit til við útreikning endurkrafinna fjárhæða. Verður því ekki fallist á að vísa beri málinu frá dómi í heild sinni vegna þess að grundvelli málsins hafi verið raskað á síðari stigum þess eða sökum þess að málalíbúnaður stefnanda gangi að þessu leyti gegn fyrirmælum 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

A

Samkvæmt útreikningum stefnanda, sem ekki hafa verið hraktir af stefnda, var staða láns nr. 2933 sem veitt var 13. desember 2005 1.036.893.679 krónur hinn 25. september 2008, en af grein 6.2 í samningnum leiddi að persónuleg ábyrgð stefnanda gat að hámarki numið 10% þessarar heildarfjárhæðar. Af þeim viðauka við umræddan samning, sem áður hefur ítarlega verið lýst, er ljóst að ríflega helmingi lánsins var ráðstafað til annars en kaupa á hlutabréfum í stefnanda. Liggur þannig fyrir að ráðstöfun stefnanda 25. september 2008 fól ekki í sér að persónuleg ábyrgð stefnda á þessum hluta lánsins væri felld niður.

Óumdeilt er að kröfuréttindi samkvæmt téðum lánasamningi voru flutt til Nýja Kaupþings banka hf., sem nú ber heitið Arion banki hf., með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 21. október 2008 og hefur stefndi lýst því yfir að bankinn hafi hafið innheimtu á grundvelli lánsamningsins. Eins og áður segir bar stefndi ábyrgð á greiðslu 10% af „heildarfjárhæð lánsins“ eins og það var á hverjum tíma samkvæmt 6. gr. lánasamningsins. Með ráðstöfun stefnanda 25. september 2008 var fjárhæð lánsins ekki felld niður með neinum hætti heldur aðeins persónuleg ábyrgð stefnda vegna hluta fjárhæðarinnar, svo sem áður segir. Ekki kemur fram í ákvæðum samningsins að ef fallið sé frá persónulegri ábyrgð vegna hluta lánsfjárhæðar skuli hin persónulega ábyrgð lækka að tiltölu og taka mið af annarri og lægri fjárhæð en upphaflegri fjárhæð lánsins. Þá hefur ekki verið rökstutt af hálfu stefnanda að slík niðurstaða leiði af öðrum gögnum málsins eða af almennum reglum.

Af fyrirliggjandi gögnum verður þannig ekki annað ráðið en að persónuleg ábyrgð stefnda gagnvart fjárhæð, sem nam meira en helmingi heildarfjárhæðar lánsins, hafi staðið óhöggud þrátt fyrir ráðstöfun stefnanda 25. september 2008. Samkvæmt þessu bar stefndi persónulega ábyrgð á fjárhæð sem svaraði eftir sem áður til 10% af heildarfjárhæð skuldarinnar, ef marka má fyrirliggjandi gögn og lýsingu málsatvika. Sem fyrr greinir verður að ganga út frá því að umrædd ábyrgð stefnda hafi fylgt kröfuréttindum samkvæmt lánssamningnum við flutning hans til Nýja Kaupþings banka hf. 21. október 2008 og sé það á valdi handhafa þessara réttinda að virkja ábyrgð stefnda.

Með hliðsjón af framangreindu er það álit dómsins að verulega skorti á að stefnandi hafi gert viðhlítandi grein fyrir því með hvaða hætti ráðstöfunin 25. september 2008 leiddi til auðgunar stefnda vegna þessa samnings og hvernig krafa stefnanda um endurgreiðslu fær að þessu leyti stoð í gögnum og atvikum málsins. Hvað sem líður

skilyrðum 131. gr. laga nr. 21/1991 leiðir einnig af framangreindri niðurstöðu að stefnandi hefur ekki gert líklegt að hann hafi af því sjálfstæði hagsmuni að fá dóm um riftun ráðstöfunar stefnanda 25. september 2008. Samkvæmt öllu framangreindu verður ekki hjá því komist að vísa kröfum stefnanda vegna umrædds samnings frá dómi.

B

Hæstiréttur Íslands hefur fjallað um niðurfellingu persónulegrar ábyrgðar starfsmanns stefnanda vegna láns til hlutabréfakaupa í bankanum í dómi 10. maí 2012 í máli nr. 518/2011. Sá dómur lýtur að sömu málsatvikum og mál það sem hér er til úrlausnar að því leyti að niðurfelling ábyrgðar í því máli studdist einnig við áðurlýsta ákvörðun stjórnar stefnanda 25. september 2008 um að veita forstjóra heimild til að fella niður og ljúka persónulegri ábyrgð starfsmanna í tengslum við lán þeirra til kaupa hluta í stefnanda. Þá er sú yfirlýsing um niðurfellingu ábyrgðar sem gefin var út af forstjóra stefnanda 25. september 2008 efnislega sú sama og um ræðir í þessu máli og áður er gerð grein fyrir. Samkvæmt þessu getur ekki farið á milli mála að sakarefni máls þessa er að verulegu leyti sambærilegt því sem skorið var úr með fyrrgreindum dómi Hæstaréttar.

Að mati dómsins er ekkert komið fram sem réttlætt getur við úrlausn máls þessa að vikið sé frá forsendum framangreinds dóms Hæstaréttar sem kveðinn var upp einróma af fimm dómurum. Er þá einnig litið til þess að Hæstiréttur hefur ítrekað forsendur dómsins í síðari dómum réttarins 18. október 2012 í máli nr. 406/2011 og 25. sama mánaðar í máli nr. 176/2012. Verður framangreindur dómur Hæstaréttar því lagður til grundvallar sem fordæmi við niðurstöðu málsins enda sé ekki fram komið að sakarefni málsins sé frábrugðið því sem leyst var úr með dómnum sökum málsatvika eða málsástæðna aðila.

C

Fyrrgreint fordæmi Hæstaréttar verður að túlka á þá leið að niðurfelling persónulegrar ábyrgðar starfsmanns á hlutafjárkaupalánum 25. september 2008 hafi verið til þess fallin að rýra eignir stefnanda. Var því þannig slegið föstu að stefnandi teldist réttur aðili að riftun umræddrar ráðstöfunar 25. september 2008 án tillits til þess hvort og hvernig sá lánasamningur sem hér var um að ræða var framseldur Nýja Kaupþingi banka hf. Við nánari umfjöllun um tjón stefnanda var því enn fremur hafnað að það hefði þýðingu að fram væru komnar almennar upplýsingar þess efnis að ýmis lán, með persónulegri ábyrgð starfsmanna, hefðu við framsal þeirra til Nýja Kaupþings banka hf. verið metin verðlaus. Nánar tiltekið voru þessar upplýsingar ekki taldar geta leitt til þess að sönnunarbyrðin færðist yfir á stefnanda þannig að honum bæri að færa frekari sönnur fyrir því að niðurfelling ábyrgðaryfirlýsingarinnar hefði í raun valdið honum tjóni. Þá var því hafnað að líta bæri svo á að gagngjald hefði komið fyrir niðurfellingu ábyrgðarinnar með því að viðkomandi starfsmaður hefði skuldbundið sig sérstaklega til þess að selja ekki hluti í stefnanda. Í dómnum var enn fremur miðað við að stefnandi hefði orðið fyrir tjóni sem nam uppreiknaðri ábyrgð viðkomandi starfsmanns 25. september 2008 sem felld var niður. Var sú fjárhæð einnig talin svara til auðgunar þess starfsmanns sem notið hafði góðs af niðurfellingu ábyrgðarinnar.

Í ljósi fyrrgreinds fordæmis hafnar dómurinn því að það hafi þýðingu um niðurstöðu málsins hvort lánasöfn eða tiltekna kröfur, þ.á m. kröfur með persónulegri ábyrgð starfsmanna, hafi verið metnar verðlaugar við yfirfærslu þeirra til Nýja Kaupþings banka hf. 21. október 2008. Fær þessi niðurstaða einnig stoð í dómi Hæstaréttar 14. janúar 2013 í máli nr. 735/2012, þar sem beiðni stefnda um dómkvaðningu matsmanns til þess að meta tjón stefnanda vegna nánar tilgreindra lánasamninga við umrædda yfirfærslu þeirra 21. október 2008, var hafnað sem þýðingarlausri fyrir úrslit málsins. Af sömu ástæðum getur það ekki haft þýðingu þótt fram sé komið í málinu að Nýi Kaupþing banki hf., sem nú beri heitið Arion banki hf., hafi leitast við að innheimta þann hluta persónulegrar ábyrgðar stefnanda sem ekki var felldur niður með yfirlýsingunni 25. september 2008.

Með vísan til framangreinds fordæmis verður einnig hafnað málsástæðum stefnda þess efnis að honum hafi verið lofað skaðleysi af umræddum samningi eða að samningurinn hafi verið ógildur á grundvelli reglna um brostnar forsendur eða vegna ákvæða III. kafla laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Sömu leiðis verður ekki á það fallist að stefndi hafi innt af hendi gagngjald með því að skuldbinda sig til þess að selja ekki hlutabréf sín í stefnanda eða halda frið við stefnanda sem starfsmaður hans. Með vísan til fyrrgreinds fordæmis verður lagt til grundvallar að gjafatilgangur hafi legið að baki umræddri ráðstöfun og aðstæður að öðru leyti verið með þeim hætti að fullnægt hafi verið skilyrðum 131. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. til riftunar umræddri ráðstöfun. Samkvæmt þessu verður fallist kröfu stefnanda um riftun þeirrar ráðstöfunar hans 25. september 2008 að fella niður persónulega ábyrgð stefnda samkvæmt lánasamningi 5. maí 2006 nr. 3160, lánasamningi 1. mars 2007 nr. 4662 og lánasamningi 20. ágúst 2007 nr. 6036.

D

Samkvæmt gögnum málsins var allri þeirri fjárhæð sem stefnda var lánað með samningi nr. 3160 hinn 5. maí 2006 varið til hlutabréfakaupa í stefnanda, en í umræddum samningi er ekki að finna ákvæði um takmörkun persónulegrar ábyrgðar stefnda. Nam sú persónulega ábyrgð stefnda, sem felld var niður 25. september 2008, því heildarfjárhæð lánsins. Hið sama á við um lán nr. 4662 samkvæmt samningi 1. mars 2007. Með vísan til fordæma Hæstaréttar verður litið svo að stefndi hafi auðgast sem nemur uppreiknaðri heildarfjárhæð lánanna miðað við 25. september 2008.

Að því er lýtur að láni nr. 6036 samkvæmt samningi 20. ágúst 2007 er viðurkennt af stefnanda að 100 milljónir króna eða 18.44% af upprunalegri lánsfjárhæð hafi ekki verið varið til kaupa á hlutabréfum í stefnanda. Stefnandi hefur lagt fram tölulega útreikninga um uppgreiðsluverðmæti lánsins 25. september 2008 að teknu tilliti til lækkunar sem nemur þessari fjárhæð. Hefur stefndi ekki fært að því haldbær rök að þeir útreikningar séu rangir og verða þeir því lagðir til grundvallar niðurstöðu málsins.

Í málinu er óumdeilt að láninu frá 5. maí 2006 og láninu frá 20. ágúst 2007 var síðar myntbreytt þannig að þau urðu frá því tímamarki bundin við gengi erlendra gjaldmiðla. Hefur stefnandi engin rök fært að því að ítrekuð fordæmi Hæstaréttar Íslands um ólögsmæti gengistryggingar lána, líkt og hér um ræðir, eigi

ekki við um þessi lán. Hins vegar hefur stefnandi lagt fram útreikninga sem sýna að endurútreikningur lánanna samkvæmt 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu myndi leiða til hærri fjárhæðar en nemur kröfugerð stefnanda. Samkvæmt þessu, og að teknu tilliti til þess að ekki hafði verið greitt af framangreindum lánum, verða útreikningar stefnanda á uppgreiðsluverðmæti lánanna lagðir til grundvallar. Með vísan til 1. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 1.078.158.619 krónur. Með vísan til þeirra fordæma sem áður er vísað til verður upphafstími dráttarvaxta miðaður við málshöfðun, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

E

Í málinu liggur fyrir að stefndi átti ekki skráð heimili á Íslandi 28. júní 2011 þegar fram fór sú kyrrsetningargerð sem stefnandi krefst staðfestingar á, en engin gögn liggja fyrir í málinu um skráningu lögheimilis stefnda erlendis. Með vísan til forsendna dóms Hæstaréttar Íslands 25. október 2012 í máli nr. 176/2012 verður talið að fullnægt hafi verið skilyrðum 1. mgr. 5. gr. laga nr. 31/1990 fyrir kyrrsetningu í eignum stefnda.

Stefndi hefur fært að því rök að gögn eða upplýsingar hefðu átt að vera stefnanda eða sýslumanni aðgengileg þegar kyrrsetningarbeiðni stefnanda var tekin fyrir þannig að unnt hefði verið að beina til hans tilkynningu samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 90/1989. Eins og málið liggur fyrir verður á það fallist með stefnanda að heimilt hafi verið að víkja frá skyldu til tilkynningar um kyrrsetningargerð, sbr. 6. tölulið 3. mgr. 21. gr. laga nr. 89/1990 um aðför. Þá telur dómurinn ekki að neinir þeir annmarkar hafi verið á málsmeðferð sýslumanns sem leitt geti til ógildingar kyrrsetningargerðarinnar.

Af hálfu stefnda er á það bent að samkvæmt ársreikningi Hvítstaða ehf. fyrir árið 2009 sé það félag eigandi alls hlutafjár í Langárfossi ehf. Gegn þessum staðhæfingum hefur stefnandi hvorki lagt fram skjallæg gögn eða gert líklegt með öðrum hætti að stefndi sé eigandi 20% hlutafjár í umræddu félagi. Að öðru leyti telst nægilega sýnt fram á eignarhald stefnanda á kyrrsettum eignum enda getur þriðji aðili, sem telur gerð fara í bága við rétt sinn, krafist endurupptöku hennar, hafi hann ekki átt þess kost að koma mótmælum fram gegn gerðinni meðan á henni stóð, sbr. 2. mgr. 67. gr. laga nr. 90/1989. Verður því fallist á kröfu stefnanda um staðfestingu kyrrsetningar, eins og nánar greinir í dómsorði.

Við ákvörðun um málskostnað verður að líta til þess að mál þetta er höfðað áður en þeir dómar Hæstaréttar, sem áður er vísað til, voru kveðnir upp. Að þessu virtu, svo og að teknu tilliti til þess að ekki hefur að fullu verið fallist á kröfu stefnanda, þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Af hálfu stefnanda flutti málið Guðni Haraldsson hrl.

Af hálfu stefnda flutti málið Jóhannes Bjarni Björnsson hrl.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð

Vísað er frá dómi kröfu stefnanda, Kaupþings hf., um riftun lánessamnings 13. desember 2005, nr. 2933, og þeim hluta greiðslukröfu stefnanda sem grundvallast á riftun þess samnings.

Rift er þeirri ráðstöfun stefnanda frá 25. september 2008 að fella niður persónulega ábyrgð stefnda, Ingólfs Helgasonar, á greiðslu lánessamnings 5. maí 2006, nr. 3160, lánessamnings 1. mars 2007, nr. 4662 og lánessamnings 20. ágúst 2007, nr. 6036.

Stefndi greiði stefnanda 1.078.158.619 krónur með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 29. júní 2010 til greiðsludags.

Staðfest er kyrrsetningargerð Sýslumannsins í Reykjavík frá 28. júní 2011 í 20% hlutafjár í eigu stefnda í Hvítstöðum ehf. og eignarhluta stefnda í fasteignunum nr. 12 við Fákahvarf, Kópavogi og Smiðshöfða 9, Reykjavík.

Málskostnaður fellur niður.

Skúli Magnússon